

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2147
komudagur 23.5.2006



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2006

**Umsögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) um mál nr. 708 á 132.
lögjafarþingi, frumvarp til laga um stofnun hlutfélags um flugleiðsöguþjónustu og
flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.**

Háttvirt samgöngunefnd hefur með bréfi, frá 5. maí sl., beðið LSR um umsögn um framangreint mál.

LSR hefur skoðað frumvarpið með lífeyrisréttindi starfsmanna í huga. Í 7. gr. frumvarpsins er tekið sérstaklega fram að við niðurlagningu starfsemi flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar Íslands fari um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eftir því sem við geti átt. Ekki er sérákvæði í frumvarpinu varðandi lífeyrisréttindi starfsmanna en þess finnast dæmi, s.s. í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. og þegar Póst- og símamálastofnun var breytt í hlutfélag á árinu 1996.

Í 3. mgr. 3. gr. laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002 er ákvæði sem að meginstefnu undanskilur lífeyrisréttindi starfsmanna frá þeirri reglu að réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningum eða ráðningarsambarði flytjist yfir til nýs vinnuveitanda. Af þeim sökum þykir rétt að tiltaka hverrig niðurlagning á störfum varðar rétt starfsmanna til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Helstu áhrif gagnvart sjóðfélögum í B-deild LSR

Með lögum um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 141/1996 voru gerðar verulegar breytingar á sjóðnum. Þær helstu voru stofnun A-deildar en eldri réttindi héldust að mestu óbreytt og varðveitt í B-deild sjóðsins. Sjóðfélagar fengu að velja milli þess að vera í A- eða B-deild LSR. Lögin voru síðan endurútgefin sem lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

Þegar rekstrarformi ríkisstofnana er breytt í hlutfélag er slíkt metið sem niðurlagning á starfi gagnvart sjóðfélögum í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Í 2. mgr. 30. gr.

laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er kveðið á um rétt starfsmanna til áframhaldandi aðildar sé starf þeirra lagt niður en þar segir:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldgreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu eiga ríkisstarfsmenn persónulegan rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins sé starf þeirra lagt niður.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 1/1997 eru tilgreind þau skilyrði sem ráðning þarf að uppfylla til að heimilt sé að greiða til B-deildar LSR. Skilyrðin eru að starfsmenn séu “ skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starf þeirra sé eigi minna en hálf starf.” Að auki þarf launagreiðandinn að hafa heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína til B-deildar en henni var lokað fyrir nýju launagreiðendum og sjóðfélögum með fyrrgreindum lögum nr. 141/1996.

Sjóðfélagar í B-deild LSR geta ekki hafið töku lífeyris samhliða starfi sem veitir rétt til aðildar að B-deild LSR, sbr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Til að hefja töku lífeyris verður sjóðfélagi því að láta af starfi sem veitt hefur rétt til aðildar að sjóðnum. Starf hjá hlutafélagi, sem stofnað er um rekstur sem áður heyrði undir ríkisstofnun, veitir ekki rétt til aðildar að B-deild LSR. Starfsmenn slíks nýs hlutafélags, sem komnir eru á lífeyristökualdur, geta því hafið töku lífeyris samhliða starfi hjá hlutafélagi.

Aðild sjóðfélaga að B-deild LSR í framhaldi af niðurlagningu á starfi er sjálfstæður réttur hans, óháður því hvort sjóðfélaginn gengur í nýtt starf. Öll tengsl við laun eða önnur kjör starfsmannsins í framtíðinni eru óháð réttindum til aðildar á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Réttindin taka mið af starfinu sem lagt var niður og viðmiðunarlaun til greiðslu iðgjalda og lífeyris taka mið af því starfi og breytingum sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna. Þó ber að áreita að hefji sjóðfélagi starf að nýju sem veitir rétt til aðildar að sjóðnum, sbr. 4. gr. laga nr. 1/1997, vikur rétturinn til aðildar niður á grundvelli 2. mgr. 30. gr., enda ekki þörf fyrir beitingu ákvæðisins þar sem sjóðfélaginn á orðið rétt til aðildar vegna hins nýja starfs.

Hjálagt fylgja til upplýsingar reglur sem stjórn LSR hefur sett varðandi áframhaldandi aðild að LSR í kjölfar niðurlagningar á starfi.

Það er mat LSR að sé ekki sérákvæði eða samið um það sérstaklega beri sá launagreiðandi sem leggur starf niður ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sem standa að baki réttindum sem áunnin eru á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Sá launagreiðandi sem leggur starf niður ber því ábyrgð gagnvart LSR á lífeyrishækkunum eftir töku lífeyris sbr. 33. gr. laga nr. 1/1997.

Helstu áhrif gagnvart sjóðfélögum í A-deild LSR

Í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er ekkert sérákvæði um rétt til áframhaldandi aðildar að A-deild vegna niðurlagningar á starfi. Í 3. gr. laganna er ákvæði

sem tekur á aðildinni en skv. lokamálslið 3. mgr. 3. gr. ber að setja nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um aðild að A-deild. Í 15. gr. samþykktu sjóðsins er kveðið á um aðildina að A-deild, sjá hjálagt. Ákvæðið í e-lið 2. mgr. 15. gr. samþykktu LSR varðar helst réttarstöðu þeirra starfsmanna sem eru í A-deild og gegna starfi hjá ríkisstofnun sem færði er í hlutafélagaform. Þar segir:

Heimild til aðildar með samþykki launagreiðanda:


- e. Félagsmönnum aðildarféлага Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarféлага Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Jafnframt er félagsmönnum í stéttarfélögum sem eru utan fyrrgreindra bandalaga en gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.

Samkvæmt ákvæði þessu getur launþegi, sem uppfyllir ofangreint og fær samþykki launagreiðanda, haldið áfram aðild að A-deild LSR.

Tekið skal fram að LSR tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins og er ofangreint aðeins sett fram til skýringar á áhrifum frumvarpsins á réttarstöðu sjóðfélaga í LSR verði það að lögum.

Sé óskað frekari skýringa verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllst,



Þórey S. Þóðardóttir hdl., forstöðumaður réttindamála

Hjálagt:

1. Reglur um áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, st.r. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 í kjölfar niðurlagningar á starfi.
2. 15. gr. samþykktu LSR, 2005.

Úr samþykktum LSR, maí 2005

A-deild.

15. gr.

Aðild að A-deild sjóðsins skal aldrei veitt beri aðila að greiða í annan lífeyrissjóð sbr. 2. mgr. 2. gr. laga n. 129/1997.

Um aðild að A-deild sjóðsins fer eftir því sem hér segir:

Skylduaðild:

- a. Starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana 16 ára og eldri sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga sem gerðir eru á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða samkvæmt úrskurðum á grundvelli laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, skulu vera í A-deild sjóðsins enda greiði þeir ekki í B-deild sjóðsins eða í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga af launum fyrir það starf. Heimilt er þó að semja um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

Réttur til aðildar með skyldu launagreiðanda til að greiða iðgjald:

- b. Eftirtaldir starfsmenn með ráðningu eins og kveðið er á um í grein 15.a., sem aðild áttu að LSR v.ð árslok 1996, eiga rétt til að vera í A-deild sjóðsins óski þeir eftir því:
 - i. Kennarar og skólastjórnendur grunnskóla sveitarfélaga á meðan þeir starfa við grunnskóla sveitarfélaga.
 - ii. Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórn og þeir sem störfuðu hjá skólaskrifstofum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á meðan þeir gegna þeim störfum.
- c. Hjúkrunarfræðingar, sem áttu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvanna við árslok 1996, eiga rétt til að vera í A-deild sjóðsins, óski þeir eftir því, á meðan þeir gegna störfum, sem veitt hefur skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvanna.
- d. Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjóra grunnskóla og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum skv. lögum um grunnskóla, og hjúkrunarfræðingar, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkisins eða sveitarfélaga eða við opinberar stofnanir eða heilbrigðisstofnanir, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn.

Heimild til aðildar með samþykki launagreiðanda:

- e. Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Jafnframt er félagsmönnum í stéttarfélögum sem eru utan fyrrgreindra bandalaga en gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.
- f. Starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana sem eru utan stéttarfélaga en taka laun, sem ákveðin eru með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna eða ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.
- g. Starfsmönnum sveitarfélaga og stofnana þeirra og starfsmönnum sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, sem eru vegna eðlis starfa sinna utan stéttarfélaga en taka laun sem ákveðin eru með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna eða ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar, er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.

Heimild til aðildar að fengnu samþykki stjórnar og með samþykki launagreiðanda.

- h. Stjórn sjóðsins getur auk fyrrgreindra í sérstökum tilvikum veitt þeim aðild að A-deild sem eiga þess ekki kost að vera í stéttarfélagi eða eru vegna eðlis starfs síns utan stéttarfélaga. Heimild þessari skal einkum beitt í þeim tilvikum þegar launagreiðandi tryggir verulegan hluta starfsmanna sinna hjá sjóðnum.

Aðrir:

- i. Einstaklingi, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, sbr. grein 17.e., er heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda falli þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildar af launum fyrir það starf.
- j. Þeir sem fengið hafa aðild að A-deild sjóðsins en uppfylla ekki framangreind aðildarskilyrði skulu halda aðildinni meðan þeir gegna starfi hjá sama launagreiðanda og greitt hefur fyrir þá til deildarinnar.

Reglur um áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1997 í kjölfar niðurlagningar á starfi

1. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um áframhaldandi aðild að B-deild LSR eða LH vegna niðurlagningar á starfi skal að jafnaði berast í beinu framhaldi af niðurlagningu á starfi, vera skrifleg og beint til stjórnar.

Með umsókn samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Staðfesting launagreiðanda á því að viðkomandi starf hafi verið lagt niður og frá hvaða tíma.
- Staðfesting á þeim launum sem síðast var greitt af til sjóðsins, þ.e. kjarasamningi, launaflokki og þrepi eða sambærilegri kjaraákvörðun. Ef greidd eru biðlaun þá þarf að liggja fyrir staðfesting á fjárhæð þeirra og hvenær þeim greiðslum lýkur.

2. gr.

Tilkynning til aðila og val um greiðslu iðgjalda til B-deilda LSR, A-deilda LSR eða LH

Aðila skal tilkynnt skriflega um lyktir umsóknar sinnar og sé ekki orðið við umsókn skulu í tilkynningu koma fram ástæður synjunar. Í tilkynningu þar sem umsókn hefur verið tekin til greina skal sérstök athygli vakin á ábyrgð sjóðfélaga á fullum iðgjaldaskilum og tiltekinn sá gjaldstofn sem iðgjöld reiknast út frá, sbr. nánar 4. gr.. Jafnframt skal í tilkynningu vakin athygli á réttaráhrifum þess að iðgjöld fal í niður sbr. 3. mgr. 6. gr. reglanna.

Sjóðfélaga, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að LSR eða LH vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, er heimilt að greiða iðgjald til A-deilda LSR, enda fellur þá niður réttur til að greiða iðgjald til B-deilda eða LH. Í tilkynningu til sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal jafnan vakin athygli á rétti viðkomandi til að greiða í A-deild óski hann þess.

3. gr.

Iðgjaldaskil

Sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykki stjórnar fyrir áframhaldandi aðild að sjóðnum, ber sjálfur ábyrgð á fullum iðgjaldaskilum til sjóðsins.

4. gr.

Gjaldstofn

Gjaldstofn fyrir iðgjöld er 10% af dagvinnulaunum sem sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður eða eftir atvikum þegar biðlaunagreiðslum lýkur sbr. 1. mgr. 5. gr.. Frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997. Hagstofa Íslands reiknar vísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Jafnframt ber að greiða 10% iðgjald af orlofs- og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi.

Þegar staða vaktavinnumanns er lögð niður skal reikna iðgjald af vaktaálagi í hlutfalli við meðaltals réttindaávinning vegna vaktaálags síðustu þriggja ára fyrir niðurlagningu starfs. Hafi sjóðfélaginn ekki stundað vaktavinnu í full þrjú ár fyrir niðurlagningu stöðu, skal reikna iðgjaldið út frá meðaltals réttindaávinningi þess tíma sem hann stundaði vaktavinnu á síðustu þremur árum. Iðgjaldagreiðslur vegna vaktaálags skulu taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

5. gr.

Upphafstími

Aðild á grundvelli niðurlagningar á starfi tekur ekki gildi fyrr en launagreiðslun eða biðlaunagreiðslum fyrir hið niðurlagða starf lýkur eða þær hafa skerst. Ef sjóðfélagi fær greidd biðlaun sem nemur mismun á launum fyrir hið niðurlagða starf og launum fyrir hið nýja starf ber að miða upphafstíma aðildar á grundvelli niðurlagningar á starfi við þann tíma sem biðlaunagreiðslur hófust.

Sjóðfélagi ber ábyrgð á iðgjaldaskilum á þeim mismun sem myndast á iðgjöldum sem fyrri launagreiðandi greiðir af biðlaunum og þeim iðgjöldum sem greiða ber skv. 4. gr..

6. gr.

Innheimta iðgjalda

Eindagi iðgjalda er tveimur vikum eftir lok þess mánaðar sem greitt er fyrir. Ef launagreiðandi tekur að sér greiðslur fyrir starfsmann og laun eru greidd fyrirfram þá er eindagi iðgjalda 14 dögum eftir útborgun launa.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal sjóðurinn bera saman þau iðgjöld sem sjóðfélagi hefur greitt og iðgjöld með hækkun skv. 1. mgr. 4. gr. og innheimta eða endurgreiða þann mismun sem myndast hefur.

Ef sjóðfélagi sem fengið hefur samþykka aðild í kjölfar niðurlagningar á starfi lætur iðgjaldagreiðslur falla niður í þrjú mánuði eða lengur skal litið svo á að viðkomandi hafi fallið frá rétti sínum til áframhaldandi aðildar að sjóðnum. Aðili hefur þó jafnan rétt til að hefja aðild að nýju innan 12 mánaða frá því að iðgjöld féllu niður hefji hann iðgjaldaskil að nýju innan þess tíma. Þegar iðgjaldaskil hafa fallið niður í þrjú mánuði skal aðila sent bréf með sannanlegum hætti þar sem vakin er athygli á þessari mgr. reglnanna.

Þegar iðgjöld hafa fallið niður skv. 3. mgr. skal iðgjaldatími stytur.

Sjóðfélagi sem fengið hefur samþykka áframhaldandi aðild að sjóðnum getur lagt fram skriflega beiðni þess efnis að fá að greiða af lægra starfshlutfalli en starf það var

sem rekja má aðild hans að sjóðnum til. Starfshlutfall má þó aldrei fara niður fyrir hálfu starf. Aðili sem hefur fengið slíka heimild á jafnan rétt til að hefja iðgjaldagreiðslur af því starfshlutfalli sem hann gegndi í því starfi sem lagt var niður þó aldrei með afturvirkum hætti.

7. gr.

Samhliða starf sem fylgir aðild að LSR eða LH.

Hefji sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykkt áframhaldandi aðild að LSR eða LH starf sem fylgir aðild að sjóðnum fellur niður réttur til aðildar sem rekja má til niðurlagningar starfs. [Ef hið nýja starf er lægra starfshlutfall en hið niðurlagða starf er veitti rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum er sjóðfélagi heimilt að greiða til sjóðsins vegna hins niðurlagða starfs sem nemur mismun á starfshlutfalli hins nýja starfs og því starfi sem lagt var niður.]¹

Láti sjóðfélagi af hinu nýja starfi innan tveggja ára er honum heimilt að hefja iðgjaldagreiðslur til sjóðsins að nýju vegna þess starfs sem lagt var niður. [Þegar hið nýja starf er hlutastarf og sjóðfélagi lætur af því starfi eftir tvö ár eða síðar fellur niður réttur til að greiða af hinu niðurlagða starfi í sama hlutfalli og hið nýja starf var.]²

8. gr.

Lífeyrir

Lífeyrir þeirra sem aðild eiga að B-deild sjóðsins eða LH vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi skal miðaður við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst. Hafi sjóðfélagi látið af iðgjaldagreiðslu til sjóðsins fyrir árslok 1996 skal þó miða við laun í því starfi sem iðgjöld hans voru miðuð við í árslok 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

Sjóðfélagi sem fengið hefur samþykkt áframhaldandi aðild að LSR eða LH í kjölfar niðurlagningar á starfi getur ekki talið þann tíma sem hann greiðir í sjóðinn á grundvelli þess starfs til tíma sem hann hefur gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrir á sjóðfélagi tíma sínum sbr. 6. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og 6. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997.

Ákvæði 24. gr. laga nr. 1/1997 og 8. gr. laga nr. 2/1997 eiga við um lífeyri sjóðfélagi sem aðild eiga að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi eftir því sem þau geta átt við.

9. gr.

Lífeyrisskuldbindingar

Sá launagreiðandi sem lagði starf niður ber ábyrgð á skuldbindingum vegna lífeyrishækkana vegna iðgjaldagreiðslna til sjóðsins eftir að sjóðfélagi hefur fengið samþykkt áframhaldandi aðild að LSR eða LH í kjölfar niðurlagningar á starfi.

¹ Samþykkt breyting á sameiginlegum fundi stjórnar LSR og LH þann 13. október 2004.

² Samþykkt breyting á sameiginlegum fundi stjórnar LSR og LH þann 13. október 2004.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar LSR þann 18. desember 2002 og á fundi stjórnar LH þann 22. janúar 2003.